

Hugmyndalisti

Fegurðarsamkeppnir

Með	Móti
nýir vinir og kunningjar	ekki öll fegurð í andliti fólgin
líkamsrækt	útlit eða andlegt atgervi
snyrting	yfirborðskennd vinátta
læra að koma fram	samkeppni ekki góð fyrir vináttubönd
lífsleikni	öfund
heilbrigð sál í hraustum líkama	tap vont fyrir sjálfsmýndina
framtíðarmöguleikar	slæm fyrirmynd fyrir börn og unglinga
	kroppasýning og útlitsdýrkun
	ekki endingargóður vinskapur

Efnisgrind

Fyrsta efnisgrein (inngangur):

Kveikja: Hverjum er illa við fegurð?

Umfjöllun: Fegurð gefur lífinu gildi. Segja frá fegurðarsamkeppnum og að nú séu þær gagnrýndar.

Efnisyrding: Á að leggja niður fegurðarsamkeppnir?

Önnur efnisgrein:

Rök: Fegurðarsamkeppnir eru gamaldags kvenfyrirlitning og passa ekki í nútíma samfélag.

Mótrök: Þær eru mjög vinsælar og margar stúlkur taka þátt og eignast nýja vini.

Svar: Það sýnir kvenfyrirlitninguna að fegurðarsamkeppnir fyrir karla hafa ekki gengið og þessi vinátta er yfirborðskennd og fölsk.

Þriðja efnisgrein:

Rök: Í fegurðarsamkeppnum er ekki keppt í náttúrulegri fegurð heldur ýta þær undir útlitsdýrkun.

Mótrök: Þátttakendur öðlast lífsreynslu og læra ýmislegt, t.d. um heilbriggt lífni.

Svar: Fegurðarsamkeppnir ýta frekar undir óheilbrigðan lífsstíl og lífsstílsjúkdóma þar sem keppendur eru oft allt of grannar.

Fjórtða efnisgrein:

Rök: Áhersla á staðlaða fegurð og að allar stelpur líti eins út.

Mótrök: Keppendur öðlast lífsleikni, læra að koma fram og opna á ýmsa framtíðarmöguleika.

Svar: Kroppasýning undir áhrifum frá klámi og slæm fyrirmynd fyrir börn.

Fimmta efnisgrein (lokaorð):

Niðurstaða: Fegurðarsamkeppnir eru tímaskekkja og það á að hætta þeim.

Umfjöllun: Ýta undir útlitsdýrkun og lífsstílsjúkdóma, einkennast af kvenfyrirlitningu og gamaldags hugsunarhætti.

Endir: Hluti af menningunni og erfitt að breyta henni.